

Ágætu félagar

Boðað er til aðalfundar Fjöreggs, félags um náttúruvernd og heilbrigt umhverfi í Mývatnssveit, fimmtudagskvöldið 6. apríl 2017. Staðsetning og nánari tímasetning auglýst síðar. Dagskrá verður samkvæmt 7. grein laga félagsins sem sjá má hér að neðan. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins 2 vikum fyrir aðalfund. Lög félagsins má finna á heimasíðunni www.fjoregg.is.

Formaður er kosinn á aðalfundi og auk þess þrjár stjórnarmeðlimir til tveggja ára. Á aðalfundi eru einnig kosnir tveir varamenn í stjórn til eins árs í senn. Þeir sem eru áhugasamir um að starfa í stjórn félagsins eru hvattir til að bjóða sig fram.

Bestu kveðjur,
Stjórn Fjöreggs.

7. gr. laga Fjöreggs:

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn skal boða til aðalfundar með sannanlegum hætti með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og með tillögum til lagabreytinga, sem leggja á fyrir aðalfund, skal senda félagsmönnum með tölvupósti eða öðrum hætti með eigi minna en einnar viku fyrirvara. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Önnur mál

Tillögur til lagabreytinga skulu komnar í hendur stjórnar a.m.k. 2 vikum fyrir aðalfund.

Til að lagabreytingar nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi. Lagabreytingar samþykktar á aðalfundi öðlast þegar gildi nema annað sé tekið fram.